

HANN BAD.

Maður nokkur segir þessa sögu:

Fyrir nokkrum árum var eg háseti á skipinu Heroine, sem þá var á leið til Montevideo.*) Við vorum austur af Bermudaejunum**) og sigldum fyrir einrifuðum toppseglum. Það var á lágnættisvökunni. Háseti annar að nafni Georg og eg vorum á verði í framstafni skipsins. Eg var að tala við hann um liðna æfi og um guðræknina, sem mér var tamin í heimahúsum. Hann hló að öllu saman og sagði, að enginn guð væri til og að alt þetta tal væri tómur hégoði.

Varðklukkan hringdi, og var skift um vörð. Þá var kallað á menn að skipspumpunni. Georg þreif vatnsfötum og ætlaði að ná í vatn til þess að hella í pumpuna; en um leið og hann kastaði henni útbyrðis og hún greip í sjóinn, kom svo snöggur hnykkur á, af því skipið var á töluverðri ferð, að hann kiptist útbyrðis. Að vörmu spori heyrðist kallað: „Maður fyrir horð!“ Við vorum á bakborða slag. Stýrimaður hrópar: „Stýrið á stjórnborða, fljótt!“ Skipið sneri sér óðar á stjórnborða. Og við gátum heyrt Georg æpa í myrkru: „Bjargið mér! Bjargið mér! Bjargið mér!“

Bátur var óðar láttinn síga niður, en á leiðinni hjóst gat á hann, svo hann tók að fylla af vatni. Brytinn kom okkur til ljálpars með ullarábreiður, sem við stungum í gatið og héldum sjónum úti með. Nöttin var niðadinn. Og töluverður sjógangur. Tafarlaust héldum við á stað út í myrkrið og fórum eftir hljóðinu eins vel og okkur var unt, þar til við náðum þangað, sem vesalings Georg var að berjast við öldurnar, fjórða part úr enskri mílu frá skipinu. Hann var góður sundmaður, og hafði honum tekist að halda sér stöðugt uppi. Við náðum honum inn í bátinn og komumst aftur heilir á hófi til skipsins, en með hálf-fullan bátinn af vatni. Þrjátíu mínútur liðu frá því að hann skall útbyrðis og þangað til við vorum

*) Höfuð-taðurinn í ríkinu Uruguay í Suður-Ameríku.

**) Breskar eyjar í Atlanshafinu austur af Carolínuríkjunum í Bandaríkjunum.